

Fundargerð samráðsnefndar um stafræna þjónustu ríkis, Reykjavíkurborgar og sveitarfélaga (Sambandsins)

Dags. 21.06.2022, kl. 15:00

Mætt á fundinn:

Einar G. Thoroddsen, Fjóla María Ágústsdóttir, Óskar Sandholt, Íris Huld Christersdóttir, Karen M. Jónsdóttir, Anna Gunnhildur Ólafsdóttir.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Kortlagning verkefna
 - a. búið er að koma upp sameiginlegu Sharepoint vefsvæði
 - b. hópurinn hefur byrjað að stilla upp aðgerðum / verkefnum sem snerta opinbera aðila.

Landsþing Sambandsins verður haldinn í lok september og markmiðið er að koma stafrænu málunum á dagskrá, sérstaklega fyrir nýja sveitarstjórnarmenn. Sambandið lagt til fimm markmið sem verði þeirra leiðarljós í stafrænni framþróun:

- a) Sambandið vinni stefnumörkun í stafrænni umbreytingu sveitarfélaga í góðu samstarfi við sveitarfélög og við ríkið
- b) Skilgreina þarf umboð og hlutverk stafræns umbreytingateymis sem vinnur fyrir öll sveitarfélög til framtíðar og meta staðsetningu þess í skipuriti Samband Íslenskra sveitarfélaga.
- c) Auka þarf þekkingarstig sveitarfélag á tækifærum stafrænnar umbreytingar, nýtingu tækni og nýsköpunar við úrlausn mála og áskorana.
- d) Styðja við sjálfbærni með því að gera sveitarfélög pappírslaus 2027.
- e) Upplýsingatækniinviðir sveitarfélaga verði staðlaðir og sjálfvirknivæddir með það að markmiði að ná fram auknu rekstrarhagræði samhlið sem öryggi gagna er tryggt.

Reykjavíkurborg – búið er að stofna stafrænt ráð borgarinnar sem mun hittast tvisvar í mánuði til að byrja með.

Stafrænt Ísland er að fjármagna greiningu á lykilþjónustuferlum sem varða sveitarfélögin, n.k. vegvísi.

Samráðsnefndin haldi áfram að setja inn verkefni inn á sameiginlegt vinnusvæði á Teams.

3. Vinna við öryggisflokkun gagna er á lokastigi. Flokkunin hefur verið birt í samráðsgátt og lýkur samráði þann 19.ágúst 2022.
4. Lykilmælikvarðar

Ríkið notar mælikvarðann EU eGovernment Benchmark á stöðu stafrænnar þjónustu á Íslandi.

<https://digital-strategy.ec.europa.eu/en/library/egovernment-benchmark-2021>

5. Önnur mál.

Næsti fundur bókaður 24.8.2022 kl. 15.

Annað var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 16:00.